



Reykjavík, 15. febrúar 2022

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið við Austurvöll

Varðar: Frumvarp um framhald viðspyrnustyrkja (291. mál)

### Almennt

FHG - Fyrirtæki í hótél- og gistinguþjónustu - þakka nefndinni fyrir umsagnarbeiðni um þingmál 291., frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2020, (framhald viðspyrnustyrkja).

FHG áttu fund með núverandi viðskipta- og menningarmálaráðherra í byrjun desember síðastliðnum þar sem samtökin kölluðu eftir frekari viðspyrnuúrræðum. Eitt af því sem FHG töldu mikilvægt var að framlengja viðspyrnustyrki fram til þess tíma þegar tekjur af ferðamönnum eru líklegar til að fara að skila sér í eðlilegum mæli á ný. Í minnisblaði samtakanna til ráðherra var því lagt til að viðspyrnustyrkir yrðu framlengdir til 1. júní 2022. Það liggur fyrir að margir aðilar í gistinguþjónustu, sem stóðu styrkum fótum þegar covid hófst, eiga í miklum erfiðleikum með að halda út fram á sumarið. Nánar vísast um það í umsögn FHG til nefndarinnar um mál 253 (lokunarstyrkir). **FHG leggja því til að í stað „mars 2022“ í b-lið 1. málsgreinar 2. gr. komi: maí 2022.**

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til sú viðbót við 5. gr. laganna að styrkir til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma dragist frá viðspyrnustyrk. Ákvæðið er til samræmis þá hugsun sem hefur verið í lögum um viðspyrnustyrki um frádráttarbærni annarra styrkja. Með hliðsjón af þeim verulega vanda sem rekstraraðilar í ferðaþjónustu eiga við að stríða um þessar mundir **leggja FHG til að horfið verði frá slíkum frádrætti**. Ekki síst ef ætlunin er að veita fyrirtækjunum enga aðstoð með framhaldi ráðningarstyrkja (launastyrkja), eins og FHG hafa kallað eftir.

Virðingarfyllt,  
Kristófer Oliversson  
formaður FHG